

Sigvaldi Kaldalóns

Sýning í Þjóðarbókhöllu
opnuð 24. maí 2017



Sigvaldi Kaldalóns

Sýning í Þjóðarbókhöðu, opnuð 24. maí 2017

Texti skrár :

Gunnlaugur A. Jónsson, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, Jón Ásgeirsson, Ólafur J. Engilbertsson, Trausti Jónsson

Ensk þýðing/English translation:

Anna Yates

Umsjón með verkefninu af hálfu Landsbókasafns:

Ólafur J. Engilbertsson og Bryndís Vilbergdóttir

Umsjón með verkefninu af hálfu niðja Sigvalda Kaldalóns:

Ester Kaldalóns, Sigvaldi Snær Kaldalóns og Þórhallur Kaldalóns Jónsson

Hönnun sýningar og skrár:

Ólafur J. Engilbertsson

Nótta- og hljóðritaskrár:

Bryndís Vilbergdóttir, Jóhann Heiðar Árnason, Rósa Björg Jónsdóttir

Prófarkalestur:

Jökull Sævarsson

Ljósmyndir:

Árni Thorsteinsson, Björn Pálsson, Ísafirði, Ljósmyndasafnið Ísafirði, Ljósmyndasafn Reykjavíkur / Magnús Ólafsson. Ljósmyndasafn Íslands Þjóðminjasafni. Aðrar myndir eru úr safni niðja Sigvalda Kaldalóns. Mynd af Sigvalda á kápu tók Simson á Ísafirði 1919. Kaldalón í baksýn. Aftan á kápu er mynd af Sigvalda og Karen Margrethe tekin um 1940. Mynd af Sigvalda á síðu 4 er tekin 1916. Snæfjallaströnd í baksýn.

Prentun skrár:

Guðjón Ó

Prentun sýningar:

Sýningakerfi ehf.

Sérstakar þakkir: Ólafur Þorsteinsson og Trausti Jónsson

Sýningin nýtur styrks úr Minningarsjóði Sigvalda Kaldalóns og er unnin í samstarfi við Snjáfjallasetur. Upphafleg gerð sýningarinnar var sett upp á vegum Snjáfjallaseturs í Dalbæ á Snæfjallaströnd 2004 og var hún síðar sett upp á Ísafirði og á Hólmavík.

© Minningarsjóður Sigvalda Kaldalóns / Snjáfjallasetur / Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, 2017

ISBN 978-9935-434-12-8

Sigvaldi Kaldalóns

Sýning í Þjóðarbókhöðu
opnuð 24. maí 2017

MINNINGARSJÓÐUR
SIGVALDA KALDALÓNS


LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN


Snjáfjallasetur



Ávarp landsbókavardar

Verið velkomin á sýninguna Sigvaldi Kaldalóns í Þjóðarbókhöfðunni. Flestir Íslendingar þekkja og elska lög Sigvalda Kaldalóns og þau lifa með þjóðinni og eru gjarnan sungin við ýmis tækifæri. Það er því vel við hæfi að efna til sýningar um Sigvalda og tónlist hans.

Sýningin er unnin með styrk frá Minningarsjóði Sigvalda Kaldalóns og er í samstarfi sjóðsins, Snjáfallaseturs og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Umsjón með verkefninu höfðu Ester Kaldalóns, Sigvaldi Snær Kaldalóns, Þórhallur Kaldalóns Jónsson, Ólafur J. Engilbertsson og Bryndís Vilbergsdóttir.

Aftast í sýningarskránni eru drög að skrá yfir elstu nótnaútgáfur Kaldalóns og elstu útgáfur hljóðrita með lögum hans frá 1916 og fram til 1946 þegar hann lést. Í Landsbókasafni er nú unnið að ítarlegri skráningu efnis sem tengist tónlist í bókasafnskerfið Gegni og á næstu árum verður mun auðveldara að draga slíkar skrár úr kerfinu. Þá er unnið að því í safninu að setja elstu íslensku hljóðritanirnar, og þar á meðal sönglög Kaldalóns, á stafrænt form og veita aðgang að þeim á vefnum, ýmist í safninu eða á Netinu. Þessi vinna mun auðvelda rannsóknir og alla umfjöllun um tónlist og tónlistarfólk.

Ég vil þakka öllum sem komu að gerð sýningarinnar eða lögðu fram krafta sína við opnun hennar.

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir
landsbókavörður

Ég lít í anda liðna tíð – ávarp Kaldalónsniðja

„Ég lít í anda liðna tíð.“ Á þeim orðum hefst eitt af þjóðkunnum lögum læknisins og tónskáldsins Sigvalda S. Kaldalóns (1881-1946). Þeirri sýningu sem opnuð er hér í Þjóðarbókhöfðunni er ætlað að minnast lífs og starfs Sigvalda Kaldalóns. En jafnframt er sýningin vitnisburður um að sú „liðna tíð“ er ekki með öllu liðin. Tónlist Sigvalda lifir nefnilega enn góðu lífi með þjóðinni og nægir að nefna aðeins þrjú af hans fjölmörgu vinsælu lögum því til sannindamerkis: „Ísland ögrum skorðið“, „Hamraborgin“ og jólalagið „Nóttin var sú ágæt ein.“ Nær allir Íslendingar þekkja eða a.m.k. kannast við þessi lög og raunar fjölmörg önnur lög Sigvalda, sem reglulega eru flutt í kirkjum landsins, tónlistarhúsum, heimahúsum eða úti í guðsgrænni náttúrunni.

Það fer vel á því að þessi sýning skuli haldin í þessu veglegasta safni landsins, ekki bara vegna stærðar þess heldur ekki síður vegna nálægðarinnar við æskustöðvar Sigvalda í Garðastræti þar sem hann fæddist og í Suðurgötu þar sem hann ólst upp í skjóli músíkalskra foreldra og bræðra.

Það segir sína sögu um vinsældir Sigvalda og tryggt þjóðarinnar við minningu hans að á öllum þeim þremur stöðum sem hann starfaði sem læknir og tónskáld, þ.e. við Ísafjarðardjúp (1910-1921), í Flatey á Breiðafirði (1926-1929) og í Grindavík (1929-1945) hafa



Sigvaldi um 1900. Mynd: Árni Thorsteins-
son.

verið reistir minnisvarðar honum til heiðurs. Og hið sama má segja um Reykjavík einnig. Sú staðreynd að einn af söllum tónlistarhússins Hörpu ber heitið Kaldalón er engin tilviljun. Á öllum þeim stöðum sem Sigvaldi starfaði naut hann vinsælda sem samviskusamur og traustur læknir. En starf hans hafði líka þau áhrif á þeim öllum að lýsa má með orðunum „menningarleg vígsla“ en þau orð viðhafði mætur Grindvíkingur um dvöl hans þar. Listir og menning blómguðust jafnan í návist hans. Á árum hans í Grindavík varð bærinn t.d. nánast að listamannaylendu svo margir þjóðkunnir listamenn löðuðust að Sigvalda og kusu að starfa í návist hans og jafnvel dvelja um lengri eða skemmri tíma á heimili hans. Nægir að nefna nöfn eins og Einar Benediktsson, Gunnlaugur Scheving, Halldór Laxness, Ríkharður Jónsson og Steinn Steinarr því til sannindamerkis.

Þessu ávarpi eða inngangsorðum er engan veginn ætlað að rekja lífshlaup Sigvalda. Það er ágætlega gert í þeim bæklingi sem hér fylgir, bæði með texta, fjölmörgum myndum og skráum yfir sönglög Sigvalda.

Fyrir hönd Kaldalónsniðja vil ég af heilum hug þakka þeim fulltrúum Þjóðarbókhöfðu og Snjáfjallaseturs sem stóðu með Minningarsjóði Sigvalda Kaldalóns að þessari sýningu.

Gunnlaugur A. Jónsson

Trausti Jónsson

Sigvaldi Kaldalóns

Sigvaldi Kaldalóns fæddist í Reykjavík 13. janúar 1881. Hann lauk stúdentsprófi 1902 og útskrifaðist úr Læknaskólanum í Reykjavík eftir embættispróf 1908. Læknir var hann fyrst í Danmörku, en síðan í Nauteyrahéraði í Norður-Ísafjarðarsýslu, Flatey og að lokum í Keflavíkurhéraði með aðsetur í Grindavík. Hann fékk lausn frá embætti með fullum launum 1941 og bjó áfram næstu árin í Grindavík, en lést í Reykjavík 28. júlí 1946.

Innkoma Sigvalda Kaldalóns í íslenskt tónlistarlíf á sínum tíma var hógvær í fyrstu, undirleikur á harmóníum eða píanó á söngskemmtunum, þátttaka í sönghópum og kirkju-tónlistarstarfi. Allt án þess að nokkrum dytti í hug það stíflubrot sem varð þegar hann 35 ára gamall orðinn héraðslæknir vestur í Ármúla við Djúp, laumaði með aðstoð vinar síns Sigurðar Þórðarsonar á Laugabóli út hefti með sjö sönglögum. Á fáum árum varð hann vinsælasti sönglagahöfundur þjóðarinnar og hefur vinsældunum ekki linnt síðan.

Áhrif hans voru margþætt, hér má af handahófi nefna þrennt: Í fyrsta lagi varð frumkvæði hans fjölda sönglagahöfunda gríðarleg fyrirmynd, í öðru lagi reyndust lögin stórkostlegur happafengur fyrir söngvara um land allt og í þriðja lagi urðu tónsmíðar hans einskonar viðmið þeirra sem vildu meiri og betri menntun, „áfram, lengra, upp og hærra“. Íslensk nótnaútgáfa var furðumikil á fyrstu áratugum 20. aldar og ber talsverðum áhuga vitni því

nótnaprent var dýrt. Nótur voru meira að segja settar hérlendis í prentsmiðju Davíðs Östlund og síðar í Félagsprentsmiðjunni og Gutenberg. Víst er að þessi aðgangur að prenti hefur mjög greitt fyrir útgáfu íslenskrar tónlistar og þar með útbreiðslu hennar. Einkaðilar greiddu oft kostnað og hafa í mörgum tilvikum tekið á sig talsverða fjárhagslega áhættu, þar á meðal Sigurður frá Laugabóli. Sumarkaup hans var áhættuféð sem notað var til að gefa út *Sjö sönglög*. Viðtökurnar voru með miklum ágætum og næstu ár komu tvö önnur hefti með jafn látlausum titlum, *Þrjú sönglög* og *Tíu sönglög*. Öll heftin seldust fljótt upp, voru endurútfegin saman í hefti hvað eftir annað og seljast enn. Fyrst sem 20 sönglög og síðan sem 1. hefti (af 9) í *Söngvasafni Kaldalóns*. Frumútgáfan er nú mjög sjaldséð en þekkt á stærðinni (34,5 x 26 cm) og teikningu af hörpu á kápusíðu. Söngvarar tóku nú hver á fætur öðrum lögin á efnisskrár sínar, fremstur þar í flokki var bróðir Sigvalda, Eggert Stefánsson. Hann fór utan til London 1919 og hljóðritaði níu lög. Alls söng Eggert 21 lag Sigvalda á hljómplötur, sum oftast en einu sinni. Flestar plötturnar hafa verið spilaðar nánast upp til agna og mjög erfitt að finna óskemmd eintök til endurútgáfu. Flutningur Eggerts er áhrifamikill og ógleymanlegur. Fleiri söngvarar fylgdu í kjölfarið og alls lentu 36 lög Sigvalda á 78-snúninga plötum í meðförum 20 flytjenda. Margar hafa verið endurútfegnar hvað eftir annað, en aðrar liggja óbættar hjá garði.



Sigvaldi um 1940.

Allir þeir sem eitthvað hafa um Sigvalda ritað undrast þá óþrjótandi lagauppsprettu sem hugur hans var. Þó hljómbúningur sé oftast mjög einfaldur eru laglínur afskaplega fjölbreyttar og frumlegar og hitta fyrir einhverja sameiginlega æð í holdi þjóðarinnar. Útlendingar átta sig einnig á því að hér er eitthvað séríslenskt á ferðinni, hugsanlega kjarni íslenska sönglagsins, blátt áfram, án tildurs og rembingur allur víðs fjarri. Undirritaður er alloft spurður um það hvaðan lög Sigvalda eiginlega komi, en heldur fátt er um svör. Oftast en einu sinni hefur hann lent í hálfgerðu þrasi vegna þess að viðmælendur vilja ekki almennilega trú á því að „Á Sprengisandi“, „Suðurnesjamenn“, „Ísland ögrum skorðið“ eða „Nóttin var sú ágæt ein“ hafi ekki alltaf verið til. Þessi lög eru ekkert lík, sama má segja um allar vorvísurnar, maður ruglar nöfnunum á prenti, en þekkir síðan hverja og eina – ekkert líkar. Við þekkjum flest tenórvisurnar brothættu með „Hamraborgina“, „Storma“, „Vald“ og „Við sundið“ í fararbroddi. Einnig hinn yndisljúfa „Svanasöng á heiði“ og „Eina hjartans yndið mitt“, „Vöggvísurnar“ seiðandi sefa hverja þraut, „Sofðu, sofðu góði“, „Bíum bíum bamba“, „Mamma ætlar að sofna“, „Erla“ og fleiri og fleiri. Þarið örlagaþrungna „Heimir“ og „Betlikerlingin“, kveðjulagið stórkostlega „Ég lít í anda liðna tíð“ og hið brimbóligna „Alfaðir ræður“ koma tárur á kreik. „Lofið þreyttum að sofa“ – texti á velsæmismörkum sem lagið ber til himna. Groddafengin „Ásareið“ og „Kveldriður“. Jólalögin: Áður nefnt jólakvæði Einars frá Eyðölum varð ekki vinsælt fyrr en 15 til 20 árum eftir lát Sigvalda en er nú uppáhaldsjólag þjóðarinnar, „Aðfangadagskvöld jóla“ sem um tíma ómaði í öllum kirkjum landsins, „Ave María- gef oss himnesk jólin“. Og svo jólagagið sem beðið hefur í meir en 95 ár eftir vinsældum sem koma um síðir, „Í Betlehem er barn oss fætt“.

Söngvar Sigvalda Kaldalóns

Það er sagt um Verdi, að honum hafi tekist að sameina tilfinningaþrungna túlkun og snjalla lagmótun, nokkuð sem margir hafa átt í vandræðum með og þá annaðhvort haldið laginu án tilfinningalegrar túlkunar eða verið yfirmáta tilfinningaþrungnir og átt í erfiðleikum með lagferlið, þó tónlistin hafi að öðru leyti verið falleg og vel samín.

Söngvar sækja sína tilfinningasemi í textann og það er samspil texta og lags, sem gerir sönglag söngvænt. Þessi list að tónklæða texta er mannum eiginleg, enda er þjóðlagasafn þjóðanna eitt stærsta söngvasafn heimsins, lög sem samín eru í amstri daganna af kunnáttulausu fólki en þrátt fyrir það er þar að finna margt af því frumlegasta sem til er í tónlist. Samspil texta og lagferlis hjá Sigvalda Kaldalóns hefur trúlega byggst á söngþörf hans, því eins og lög hans syngjast, hafa þau án efa orðið til í söng en ekki í skipulagðri og kunnáttusamri vinnu. Lög Sigvalda búa yfir stemmningu sem höfundurinn upplifir, er hann finnur hjá sér þörf til að tónklæða texta. Þessa sönglegu upphafningu má finna í upphafslagi fyrsta heftis, „Þú eina hjartans yndið mitt“, sem hefst á stórrí sexund og finnst þetta tónbil einnig sem upphafstónn í nokkrum stemmningsríkum lögum, eins og „Svanasöngur á heiði“ og „Þú mildi vorsins vindur“.

Því hefur verið haldið fram, að ljóðskáld (og þá einnig tónskáld) megi vel við una, ef viðkomandi hefur tekist að yrkja eitt óumdeilanlega gott kvæði (lag) á ævi sinni. Það má því segja að Sigvaldi Kaldalóns búi vel, því stór hluti af miklum fjölda sönglaga hans eru óumdeilanlega „klassísk“ og sum þau dýrustu í safni íslenskra sönglaga. Til að nefna dæmi má tilgreina lag eins og „Ísland ögrum skorið“, einfalt og stílhreint lag en þó að því leyti til sérkennilegt, að það er í fimm-fjórðu takti, með einum sex fjórðu takti við textann „skikk-an skaparans“. „Á Sprengisandi“ er einkar magnað lag, sem ber í sér svo sterk einkenni þjóðlagsins, að allir kunna það strax um leið og þeir heyra það. „Nóttin var sú ágæt ein“ ber í sér sakleysi einfaldleikans og er þetta látlausa lag eins og það hafi verið ort og sungið samtímis. Þessi lög eignast fólk án áreynslu og til viðbótar mætti nefna hinn sérkennilega tónboga sem er einkenni lagsins „Þótt þú langförull legðir“, við hið frábæra ættjarðarkvæði Stephans G. Stephanssonar. Fyrri hluti lagsins er rísandi tónstigi en hápunktur þess er við textann „frænka eldfjalls og íshafs“ sem er sunginn á tónum er mynda „stóru sexundina“ hans Sigvalda, en þaðan fellur svo lagið aftur niður að upphafs-frumtóninum.

Það er óþarfi að telja upp öll lög Sigvalda, sem spanna stórt svið, frá fallegum náttúrustemmnungum, til áhrifamikilla sagnasöngva, frá innilegum vöggvísu og tregaljóðum til galsafenginna gleðisöngva. Söngvasafn Kaldalóns skipar honum tvímælalaust í fremstu röð íslenskra söngvaskálda og er trúlega það, sem með réttu má ætla, að sómi sér hið besta í safni alþjóðlegrar sönglistar.



Ólafur J. Engilbertsson

Sigvaldi Kaldalóns

Fyrstu kynni af tónlist

Foreldrar Sigvalda voru Stefán Egilsson sem var fæddur 1845 á Laugarvatni og Sesselja Sigvaldadóttir sem var fædd 1858 á Hvanneyri. Sesselja var í fyrstu bústýra hjá Stefáni, en þann 20. september 1879 gaf Hallgrímur Sveinsson, síðar biskup, þau saman í hjónaband. Stefán keypti Vaktarabæinn í Grjótaþorpi og þau Sesselja fluttu þangað vorið 1880. Húsið stendur enn við Garðastræti 23. Í þessu húsi fæddist Sigvaldi Stefánsson Kaldalóns þann 13. janúar 1881, fyrsta barn þeirra hjóna. Þau eignuðust tvo drengi næstu tvö árin sem dóu báðir innan árs. Eftir það fæddust þeim synirnir Guðmundur 1885, Snæbjörn 1889 og Eggert 1890.

Í Vaktarabænum komst drengurinn Sigvaldi fyrst í snertingu við tónlist. Móðir hans söng oft dönsk lög og vísur sem hún hafði lært í ljósmóðurnámi í Kaupmannahöfn og lék undir á gítar og faðir hans smíðaði langspil og lærði að leika á það. Að stúdentsprófi loknu innritaðist Sigvaldi í Læknaskólann í Reykjavík, en samhliða náminu tók hann þátt í sönglífi stúdenta og bæjarbúa.

Stefán og Sesselja með sonum sínum. Yst til vinstri stendur Sigvaldi. Guðmundur situr við borðið og aftar standa Eggert og Snæbjörn. Mynd: Árni Thorsteinsson. Í baksýn: Vaktarabærinn.

Mynd til hliðar: Sigvaldi og Karen Margrethe með Snæbjörn á fyrsta ári. Mynd af Hólmavík í byrjun 20. aldar í baksýn. Að neðan: Sigvaldi læknanemi í Danmörku og Karen Margrethe um það leyti sem þau kynntust.



Fyrsta læknisembættið

Sigvaldi lagði stund á framhaldsnám í læknisfræði í Kaupmannahöfn í einn vetur. Jafnframt náminu kynnti hann sér eftir föngum danska og erlenda tónlist. Þann 29. september 1909 kom Sigvaldi svo heim útskrifaður læknir og var eiginkona hans með í för, Karen Margrethe Mengel-Thomsen. Þau höfðu verið gefin saman í hjónaband þann 16. september og lagt af stað til Íslands viku síðar. Sigvaldi og Karen Margrethe höfðu kynnst á fæðingardeild Ríkisspítalans í Höfn, þar sem hún vann sem hjúkrunarkona. Sigvaldi hafði ekki að neinni fastri stöðu að hverfa er þau komu til landsins, en fljótlega bauðst honum að taka við læknisembætti á Hólmavík í fjarveru Magnúsar Péturssonar, héraðslæknis, er ætlaði að vera erlendis næsta vetur.

Þau lögðu af stað til Hólmavíkur þann 16. nóvember. Þar eignuðust þau fyrsta barn sitt, Snæbjörn Stefán, er fæddist þann 21. febrúar 1910. Læknisbústaðurinn var á Kópnesbraut 7, húsi sem byggt var árið 1903 af Guðmundi Scheving Bjarnasyni. Um veturinn 1910 fékk Sigvaldi veitingu fyrir Nauteyrarhéraði og fluttust þau að Ármúla um vorið.

Við Kaldalón

Í Kaldalóni er mikil náttúrufegurð, sléttar graseyrar, þar sem kallað var „tölf karla engi“, þ.e. næg slægja fyrir tólf karla um heyskapartímann. Eini bærinn í Kaldalóni var lengi Lónseyri. Þar var til forna skóglendi er var rífið til eldsneytis. Beggja megin Kaldalóns var meiri skógur eftir því sem utar dró og var þar kallað „í skóginum“. Frá ystu leirum að skriðjökli eru um 4 km. Allmikill jökulgarður nær því yfir dalinn, en jökuláin Mórilla hefur grafið farveg í gegnum hann. Þar ofan við eru leirur með takmörkuðum gróðri.



Sigvaldi Kaldalóns komst svo að orði að Kaldalóni mætti líkja annað hvort við himnaríki eða helvíti, því þegar veður stendur af jöklinum í stórhriðarbyljum er þar ekki notalegt að vera. Lárus Þórðarson var kennari í Nauteyrarhreppi í tíð Sigvalda og orti kvæði í átta erindum um Kaldalón sem Sigvaldi samdi sönglag við. Eitt erindi úr kvæðinu hljómar svo:

*Hrímpurs kolblár nálgast freðið frón,
fer hann geyst og bitur skjaldarrendur,
þá er nyrztu byggðum búið tjón,
berjist hann við kaldar Íslands-strendur.
Svanir flýja, kólnar Kaldalón,
kynngibrið af Drangajökli stendur.*

Að Ármúla

Þegar Sigvaldi og Karen Margrethe fluttu að Ármúla voru þau með fyrsta barn sitt, Snæbjörn Stefáns, á fyrsta ári. Á Ármúla fæddust þeim Kaldalónshjónum þrjú börn til viðbótar: Hjalti (f. 1913, d. sama ár), Sigvaldi Þórður (f. 1915) og Cecilia María (Selma, tónskáld) (f. 1919). Einnig var hálfbróðir þeirra, Karl Oluf Bang (f. 1906) á heimilinu og þar var jafnframt Stefán Egilsson, faðir Sigvalda sem gerðist bústjóri hjá honum og byggði við læknishúsið auk þess að steypa það upp. Tvíbýli var á Ármúla. Þar var í tíð Sigvalda torfbær með mörgum burstum og kompum sem skírðar voru ýmsum nöfnum. Þar bjuggu lengi Hannes Gíslason og Guðrún Sigurðardóttir, sem keyptu jarðarpart Sigvalda er hann fór frá Ármúla að leita sér lækninga í Danmörku. Í Uppsöllum bjó Jón Arason járnsmiður er hafði Vídalínspostillu daglega milli handa. Í annarri kompu, Hosiló, bjuggu mæðginin Krístrún Benediktsdóttir og Ingvar Ásgeirsson. Þau voru hagamælt og sótti Sigvaldi mjög til þeirra og lagði til hendingar og kviðlinga. Eggert Stefánsson söngvari bróðir hans kom sumrin 1913 og 1916 að Ármúla og fóru þeir bræður oft í heimsókn í Hosiló og skemmtu sér við sögur og kveðskap. Í endurminningum sínum *Lífið og ég* segir Eggert frá því að Sigvaldi hafi haft þarna lítið en gott harmonium frá Mason and Hamlin og spilað á það fyrir gestina. Þarna fæddust fyrstu lög hans.



Börnin á Ármúla. Fremst er Selma (mynd tekin 1925). Aftar: Karl Oluf Bang, Snæbjörn og Þórður (mynd tekin 1921). Í baksýn: torfbærinn á Ármúla. Ljósmynd: Ljósmyndasafnið Ísafirði.



Við sundið

Sigvaldi Kaldalóns leit á náttúruna sem óþrjótandi uppsprettu sem vakti tjáningarþörf hans og sagði hann eitt sinn að tónlistaráhugi sinn hafi kviknað í æsku þegar hann heyrði hljóma í náttúrunni allt í kringum sig. Mörg þekktustu sönglög hans urðu til á læknisferðum hans um Djúpið. „Við sundið“ við ljóð eftir Sigurð Sigurðarson mun hafa orðið þannig til að hann kemur um hásumar sjóleiðis heim úr læknisferð. Báturinn vaggast léttilega í hægri undiröldu við geisla rísandi sólar og háttbundin hreyfing hans rennur saman við vélarhljóðið. Á báðar hendur gnæfa fjöllin og speglast í haffletinum. Allt um kring ríkir þögnin. Á slíkum augnablikum birtist dýrð og fegurð heimsins í hvað mestri fullkomnun. „Við sundið“ mun vera fyrsta lagið sem Kaldalóns fullsamdi.

*Ég sit í kvöld og sat í gær
við sundið fram á nætur.
Ég hlýði er bylgjan blá og tær
að bökkum fallast letur.*

En ferðir læknisins voru ekki allar svo ljúfar. Eitt sinn var hann sóttur á bát í Mjóafjörð og var á heimleið á móts við Skálavík þegar bátur kemur frá Snæfjallaströnd og biðja bátsverjar lækninn að koma tafarlaust til sjúklings þar. Maður hafði verið sendur frá Gullhúsá að Mýri til að fá bátsflutning þaðan. Fór Sigvaldi um borð í bát þeirra, en þá skipuðust veður í lofti og urðu þeir sjóblautir að leita vars í Borgarey. Þar voru sauðahús opin og urðu þeir að hafast þar við matarlausir í tvo sólarhringa í ofsaveðri. Tókst þeim að ylja sér með því að kveikja í moði og sprekum með eldspýtum úr fórum læknisins, sem þó voru blautar eftir volkið. Þeir fóru að Ármúla á þriðja degi og þaðan beint út á Strönd með lyf sem læknisfrúin hafði útbúið að tilvísan Sigvalda. Höfð var viðkoma á Mýri, Sandeyri og Gullhúsá og að lokum í Æðey. Þetta mun hafa verið einhver erfiðasta læknisferð Sigvalda, en þó voru þær margar erfiðar og jafnvel hættulegar og reyndu á starfsþrek hans.



Sigurður Þórðarson, um 1916. Mynd: Björn Pálsson, Ísafirði.

Ég lít í anda liðna tíð

Sigurður Þórðarson á Laugabóli segir svo frá að Sigvaldi hafi eitt sinn komið með lag til móður sinnar, Höllu, skáldkonu, og sagt: „Mig vantar ljóð við þetta lag, Halla mín.“ Þá á hún að hafa sagt: „Hvernig á ég að fara að því, um hvað á það að vera?“ Þá sagði Kaldalóns: „Það gef ég ekki upp að öðru leyti en því, að þetta eru gamlar minningar, – ljúfar minningar eða öllu heldur ljúfsárar minningar ...“ Hann settist svo við orgelið á Laugabóli og lék lagið hvað eftir annað. Halla hlustaði og skrifaði vísu á blað, rétti honum og sagði: „Geturðu notað þetta?“ Lagið tileinkar Sigvaldi Ragnhildi Jakobsdóttur frá Ögri.

Ég lít í anda liðna tíð,
er leynt í hjarta geymi.
Sú ljúfa minning – létt og hljótt
hún læðist til mín dag og nótt,
svo aldrei, aldrei gleymi.

Halla á Laugabóli

Halla skáldkona á Laugabóli hét fullu nafni Hallfríður Guðrún Eyjólfsdóttir og var fædd 10. ágúst 1866 í Gilsfjarðarmúla, Geiradalshreppi. Foreldrar hennar voru Eyjólfur bóndi Bjarnason og Jóhanna Halldórsdóttir prests í Tröllatungu Jónssonar. Bræður hennar voru líka skáldmæltir og tóku sér ættarnafnið Geirdal, en Guðmundur Geirdal var hálfbróðir hennar. Halla giftist árið 1890 Þórði Jónssyni bónda á Laugabóli. Þau eignuðust mörg börn, þ.á.m. Sigurð, sem varð varð fyrstur til að gefa út sönglög Sigvalda. *Ljóðmæli* Höllu komu fyrst út árið 1919, kostuð af Sigurði, syni hennar. Þau hefjast á kvæðinu „Inngangi“, tileinkað Sigvalda Kaldalóns: „Á Kaldalóns-tónum sér lyfta mín ljóð – hans logandi gullvængjasmíði.“ Fyrsta kvæði bókarinnar er „Svanurinn minn syngur“, þekkt við lag Kaldalóns:

*Svanurinn minn syngur.
Sólu ofar hljóma
ljóðin hans og heilla
helgar englasveitir.
Blómin löngu liðin
líf sitt aftur kalla.
Fram úr freðnum gljúfrum
fossar braut sér ryðja.*

Tilfni kvæðisins segir Sigurður Þórðarson hafa verið að hann var að skjóta fugla. Þá á Halla, móðir hans, að hafa sagt: „Ef þið drepið svan, þá eruð þið morðingjar.“

Útgáfa sönglaga Kaldalóns

Sigurður Þórðarson á Laugabóli var náinn vinur Sigvalda Kaldalóns. Sigvaldi hafði reynt að fá sönglög sín gefin út eftir að hann kom að Ármúla, en enginn hafði sýnt því áhuga að gefa út sönglög eftir óþekkt tónskáld. Sigurður, sem þá var kaupfélagsstjóri á Arngerðareyri, ákvað þá



Sjö sönglög. Reykjavík : Sigurður Þórðarson, 1916.

Mynd af Höllu Eyjólfsdóttur: Björn Pálsson, Ísafirði. Sigvaldi situr og aftan við hann er Sigurður Þórðarson. Laugaból í baksýn.





Þrjú sönglög. Reykjavík : Sigurður Þórðarson, 1917.

að kosta útgáfu sönglaganna og komu þau út í þremur heftum á árunum 1916-1918. Sigvaldi tók upp eftirnafnið Kaldalóns árið 1916 og í árslok kom út fyrsta heftið með sönglögum hans undir nafninu Kaldalóns. Í þessu fyrsta hefti voru sjö sönglög, í því næsta þrjú og loks tíu. Síðasta heftið prýddi káputeikning eftir Ríkarð Jónsson. Það kom á daginn að útgáfan stóð undir sér og Ísafoldarprentsmiðja, sem áður hafði hafnað sönglögum útgáfu, vildi nú fá útgáfurétt á öllu sem frá Kaldalóns kæmi.

Þú eina hjartans yndið mitt

Sigvaldi Kaldalóns unni mjög konu sinni, Karen Margrethe Mengel-Thomsen. Hún var lærð hjúkrunarkona og var stöð og stytta manns síns í læknisstörfunum. Á Ármúla framkvæmdi Sigvaldi skurðaðgerðir með aðstoð hennar. Hún sá auk þess af myndarskap um stórt heimili og var frumkvöðull í grænmetisrækt við Djúp. Hún var góð móðir barna þeirra og dáði sönglög eiginmanns síns og það var fyrst og fremst henni að þakka að hljóðfærið var ekki selt af heimilinu, jafnvel þó allur kostur væri uppurinn. Sigvaldi vildi heiðra konu sína með því að tileinka henni sönglag. Það varð úr að hann bað Guðmund Geirdal, bróður Höllu á Laugabóli, að yrkja um konu sína. Þetta ljóð og lag er fremst í fyrsta sönglagaheftinu sem Sigurður á Laugabóli gaf út með sönglögum Sigvalda árið 1916:



Tíu sönglög. Káputeikning eftir Ríkarð Jónsson. Reykjavík : Sigurður Þórðarson, 1918.

*Þú eina hjartans yndið mitt
í örmum villtra stranda,
þar aðeins hjarta brosið þitt
mig ber til draumalanda.
Í þinni finn ég frjálstri brá
svo fagnar innri kenndir,
er seiða til sín traust og þrá
í trú, sem herra bendir.*



Karen Margrethe og Sigvaldi á Ármúla, 1911 eða 1912.

Fyrstu tónleikarnir

Í ársbyrjun 1916 hélt Sigvaldi Stefánsson samsöng á Ísafirði. Samsöngurinn var haldinn í Góðtemplarahúsinu sunnudaginn 23. janúar kl. 16:30. Gefin var út dagskrá í stóru broti, prentuð í prentsmiðju M. Ólafssonar á Ísafirði. Þar kemur fram að Sigvaldi naut á tónleikunum aðstoðar prófastsdótturinnar Kristínar Þorvaldsdóttur sem lék á píanó og kaupmannsdótturinnar Guðrúnar Skúladóttur sem söng, auk þess sem lyfsalinn Gustav Rasmussen lék á fiðlu. Á dagskránni voru sönglög Sigvalda; „Ljúfilingurinn litli“, ljóð Arnrunar frá Felli; „Ég lít í anda liðna tíð“, ljóð Höllu Eyjólfsdóttur og „Þótt þú langförull legðir“, ljóð Stephans G. Stephanssonar. Auk þess voru leikin verk eftir Mozart, Mendelsohn, Perolese og Schubert. Ýmsir aðilar á Ísafirði styrktu tónleikana með auglýsingum. Aðgangur var 1 króna. Þetta voru fyrstu tónleikar Sigvalda Kaldalóns ef undan er skilin söngskemmtun á Ísafirði sumarið 1913 þegar hann lék undir hjá Eggerti bróður sínum. Þeir bræður héldu svo aðra söngskemmtun sumarið 1916 á Arngerðareyri og þusti þar að fólk úr nálægum sveitum og var talið að um 300 manns hafi verið viðstaddir. Eggert Stefánsson söng alls tíu lög bróður síns inn á hljómplötur árið 1920 að beiðni His Masters Voice. Fyrir valinu urðu fyrstu lög Sigvalda, öll samin á Ármúla og eflaust mörg flutt á fyrrnefndum tónleikum. Lögin voru „Svanurinn minn syngur“, „Þú eina hjartans yndið mitt“, Alfaðir ræður, „Ásareiðin“, „Sofðu, sofðu góði“, „Þótt þú langförull legðir“, „Brúnaljós þín blíðu“, „Draumur hjarðsveinsins“ og hið alþekktu „Á Sprengisandi“ við ljóð Gríms Thomsen.

Þótt þú langförull legðir

Sigvaldi hafði mikil samskipti við Æðeyjarheimilið og tengdist fólkinu þar vinaböndum. Árið 1919 var Guðrún Jónsdóttir í Æðey mjög veik og var Sigvaldi þá hjá henni í Æðey í þrjár vikur og tilkynnti í héraðinu að hann sæti í Æðey. Í þakklætisskyni gáfu börn Guðrúnar honum silfurbúinn og útskorinn göngustaf eftir Guðmund frá Mosdal sem varðveittur er í Minjasafni Reykjavíkur. Við handfangið er greypt: Sigvaldi Kaldalóns. Með virðingu og þökk frá Guðrúnu í Æðey 1919. Eftir stafnum er greypt laglínan „Ég lít í anda liðna tíð“ og læknastafur ásamt læknajurt. Sigvaldi Kaldalóns tileinkaði Guðrúnu Jónsdóttur í Æðey lag við „Vorvísur“ eftir Höllu á Laugabóli:

*Ó, velkomnir fuglar úr fjarlægum geim,
þið fljúgið með vorið og gleðina heim.*




Fyrir miðju er mynd af Karen Margrethe og Sigvalda tekin 1919 af Simson á Ísafirði. Lengst til hægri er Eggert Stefánsson. Til vinstri má sjá Rasmussen og fjölskyldu. Í baksýn er Góðtemplarahúsið.

Sigvaldi og Guðrún Jónsdóttir. Í baksýn: Höfnin í Æðey um 1920.





Ásgeir Guðmundsson. Í baksýn: Höfnin í Æðey um 1920.



Eggert Stefánsson um 1920. Í baksýn: Fríkirkjan. Ljósmyndasafn Reykjavíkur / Magnús Ólafsson.

Þegar Sigvaldi var að semja lag við ljóð Stephans G. Stephanssonar „Þótt þú langförull legðir“ var staddur hjá honum á Ármúla ungur maður, Ásgeir Guðmundsson frá Æðey. Ásgeir hefur sagt svo frá að Sigvaldi hafi komið upp þegar hann var að háttu, verið með blað í hendi og sagt: „Það er að brjótast í mér lag, komdu niður og syngdu það með mér.“ Ásgeir fór niður og Sigvaldi fór að spila og lék lagið margsinnis. Ásgeir söng með þar til hann kunni lagið og sungu þeir báðir fullum hálsi lengi nætur:

*Það er óskaland íslenskt,
sem að yfir þú býr – .*

Hver á sér fegra föðurland en ég

Sigurður á Laugabóli og aðrir sveitungar voru boðnir og búnir að styðja við tónlistarsköpun læknisins. Sigvaldi hafði samið öll sín lög á Mason & Hamlin harmonium, en sveitungarnir ákváðu að gefa honum flygil. Eftir var til samskota og voru kaupin fjármögnuð af Magnúsi Kristjánssyni í Múla, Jóni H. Fjalldal á Melgraseyri, Halldóru og Ragnhildi Jakobsdætrum í Ögri og Æðeyjarsystkinum, Ásgeiri, Halldóri og Sigríði Guðmundarbörnum. Þegar flygillinn kom veturinn 1919 reyndist hann of stór til að komast inn í húsið. Sigvaldi var ekki heima og hafði verið ákveðið að láta þessa gjöf koma honum að övörum. Stefán, faðir Sigvalda, rauf gat á vegginn og breikkaði glugga til að koma honum inn. Þegar Sigvaldi kom var honum afhentur flygillinn við hátíðlega athöfn og að sögn Sigurðar mun Sigvaldi hafa klökknað og sagt: „Það má segja um ykkur að litlu verður Vöggur feginn, þegar þið heiðrið mig fyrir svo fátæklega lagasmíð.“ Sigvaldi Kaldalóns tileinkaði Djúpmönnum lag sitt við ljóð Guðmundar Guðmundssonar sem hefst á þessum línur:

*Hver á sér fegra föðurland en ég,
er fastar tengir hjörtun ræktarböndum.*

Kaldalónskvöld

